

Frumvarp til laga

um erfðafjárskatt.

(Eftir 2. umr., 22. mars.)

1. gr.

Af öllum fjárverðmætum er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erflingja hans skal greiða skatt í ríkissjóð eftir lögum þessum, sbr. þó 18. gr.

Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum af gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér afnot eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma sem ekki er liðinn við fráfall hans.

EKKI skal greiða erfðafjárskatt af lífeyrissparnaði sem fellur til erflingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda fari um skattlagningu samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Erfðafjárskattur er 5%.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal engan erfðafjárskatt greiða af fyrstu 1.000.000 kr. í skattstofni dánarbús, sbr. 4. og 5. gr., og skulu erflingjar njóta skattfrelsis í hlutfalli við arf sinn. Ákvæði þetta gildir ekki um fyrirframgreiðslu arfs.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. greiða engan erfðafjárskatt maki, einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda samkvæmt lögum um staðfesta samvist og sambýlismaður sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við einstakling af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleifanda er ótvíraett getið.

Nú byrja búskipti eftir lát beggja hjóna og skal þá leggja erfðafjárskatt á arf erflingjanna eins og um eitt bú sé að ræða án tillits til þess hvort erflingjar beggja hjónanna eru hinir sömu eða ekki.

3. gr.

Nú deyr maður sem tæmst hefur arfur áður en skiptum á því búi er lokið og skal þá dánarbú hans taka þann arf er hinn látni ella hefði hlotið og greiða þann erfðafjárskatt er honum hefði borið að greiða.

4. gr.

Skattstofn erfðafjárskatts er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði skv. 5. gr.

Með heildarverðmæti skv. 1. mgr. er átt við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eigna. Gildir þetta um öll verðmæti sem metin verða til fjárr, þ.m.t. innbú, húsbréf, fasteignaveðbréf, verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs, skuldabréf, hugverkaréttindi, líftryggingar, bifreiðar, aflaheimildir o.fl. Séu verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal telja þau til eignar á kaupgengi eins og það er skráð við síðustu lokun markaðar fyrir andlát arfleifanda. Ef

hlutabréf í félagi eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal miða við gangverð þeirra í viðskiptum, annars bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi eða árshlutareikningi viðkomandi félags. Inneignir hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum innlánsdeildum og óskráð skuldabréf, sem og aðrar inneignir og útistandandi kröfur, skulu taldar að meðtöldum áföllnum vöxtum og/eða verðbótum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal skattstofn eigna samkvæmt þessari málsgrein vera eftirfarandi:

- Þegar verðmæti annað en fasteign hefur verið selt nauðungarsölu skal miða við uppboðsandvirði þess.
- Fasteignir skulu taldar á fasteignamatsverði eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins á dánardegi arfleifanda. Af leigulóðarréttindum skal einnig greiða erfðafjárskatt með sama hætti. Nú er eignarréttur að fasteign háður kvöð um innlausnarétt tiltekins aðila og skal þá leggja erfðafjárskatt á innlausnarverð sé það lægra en fasteignamatsverðið.

Sé almennt markaðsverðmæti fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 17.–23. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi matsgjörð, ekki eldri en fjögurra vikna gömul, erfðafjárskýrslu. Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga nr. 20/1991 um mat samkvæmt þessum staflið.

- Búpemingur skal talinn á því verði sem lagt er til grundvallar síðustu álagningu opinberra gjalda fyrir dánardag arfleifanda.

5. gr.

Skuldir arfleifanda, þ.m.t. væntanleg opinber gjöld, skulu koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður, svo og útfararkostnaður arfleifanda og kostnaður sem nauðsynlegur reynist til að skipta búinu og ákvarða skattstofna skv. 4. gr. Þessir liðir skulu sundurliðaðir á erfðafjárskýrslu og studdir gögnum. Erfðafjárskattur samkvæmt lögum þessum er ekki frádráttarbær.

6. gr.

Nú skipta erfingjar dánarbúi einkaskiptum og skulu þeir þá, innan þeirra tímamarka er í einkaskiptaleyfi greinir, leggja fyrir sýslumann erfðafjárskýrslu til ákvörðunar á erfðafjárskatti, sbr. 93. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. Skal skyrslan vera skilmerkilega útfyllt og gögn fylgja til skýringar þeim fjárhæðum sem þar eru greindar. Með erfðafjárskýrslu skulu fylgja a.m.k. þrjú síðustu skattframtöl arfleifanda.

Allir erfingjar skulu undirrita erfðafjárskýrsluna.

Erfingjar sem taku við fyrirframgreiddum arfi skulu afhenda sýslumannni erfðafjárskýrslu til áritunar vegna þeirra verðmæta.

Erfðafjárskýrsla samkvæmt lögum þessum skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

7. gr.

Sýslumaður skal yfirfara erfðafjárskýrslu og gæta þess sérstaklega að hún sé í samræmi við skiptagerð viðkomandi dánarbús.

Telji sýslumaður skýrslu áfátt að einhverju leyti getur hann veitt viðkomandi aðilum tiltekinn frest til að bæta úr eða leiðrétt sjálfur séu ágallar smávægilegir.

Þegar sýslumaður hefur yfirfarið erfðafjárskýrslu og telur hana fullnægjandi skal hann

ákvarða erfðafjárskatt hvers erflingja, árita skýrsluna og tilkynna það hverjum erflingja fyrir sig.

Nú greinir erflingja á við sýslumann um skattstofn vegna tiltekinnar eignar eða annað sem áhrif hefur á fjárhæð erfðafjárskattssins og skal sýslumaður þá veita þeim allt að tveggja vikna frest til að leggja fram gögn til stuðnings kröfum sínum. Sýslumaður má lengja þennan frest um allt að tvær vikur. Að frestinum liðnum skal sýslumaður ákvarða erfðafjárskattinn á grundvelli framkominna gagna og tilkynna erflingjum með sannanlegum hætti. Vilji erflingjar ekki fella sig við ákvörðun erfðafjárskatts geta þeir innan 30 daga frá því að þeim berst tilkynning sýslumanns kært ákvörðun hans til yfirskattanefndar.

Þegar endanleg niðurstaða um ágreiningsefnið liggur fyrir áritar sýslumaður skýrsluna skv. 3. mgr. Að því búnu skal sýslumaður senda skýrsluna til skattstjóra í sínu skattumdæmi sem yfirfer hana og kannar hvort eignir séu réttilega taldar fram.

8. gr.

Þegar dánarbúi er skipt opinberum skiptum skal skiptastjóri útfylla erfðafjárskýrslu í samræmi við frumvarp til úthlutunar úr búinu og undirrita hana einn en leggja hana síðan fyrir sýslumann ásamt frumvarpi til úthlutunar til bráðabirgðaákvörðunar á erfðafjárskatti áður en skiptafundur verður haldinn um frumvarpið. Innan viku frá því að skiptum er lokið skal skiptastjóri leggja skýrsluna á ný fyrir sýslumann til ákvörðunar skattssins og áritunar.

Að lokinni áritun sýslumanns skv. 1. mgr. skal hann senda skýrsluna til skattstjóra í sínu umdæmi sem yfirfer hana og kannar hvort eignir séu réttilega taldar fram.

Vilji erflingjar ekki fella sig við ákvörðun erfðafjárskatts skv. 1. mgr. geta þeir innan 30 daga frá því að þeim berst tilkynning sýslumanns kært ákvörðun hans til yfirskattanefndar, en ef erflingjar samþykka getur skiptastjóri lokið skiptunum með því að greiða þá skattfjárhæð, sem sýslumaður hefur ákvarðað, með fyrirvara um endurheimtu. Komi til endurgreiðslu skatts að leystum ágreiningi tekur skiptastjóri upp skiptin á ný til að úthluta því sem er endurgreitt.

9. gr.

Skattstjóri skal hafa lokið yfirferð erfðafjárskýrslu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 40 dögum frá því að honum berst erfðafjárskýrslan. Þegar skattstjóri hefur yfirfarið erfðafjárskýrslu skal hann gera erflingjum og eftir atvikum skiptastjóra viðvart um að hann hafi lokið yfirferðinni. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna erflingja gert nauðsynlegar athuganir á erfðafjárskýrslu framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slikar aðstæður ríkja.

10. gr.

Telji skattstjóri að eignir séu ekki réttilega taldar fram í erfðafjárskýrslu, skattstofn ekki réttur, erfðafjárskattur ekki lagður á rétta erflingja, erfðafjárskýrsla eða fylgigögn að öðru leyti ófullnægjandi eða skattstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skriflega skora á erflingja eða eftir atvikum skiptastjóra að bæta úr því innan ákveðins frests og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn, þ.m.t. bókhald og bókhaldsgögn, sem skattstjóri telur þörf að fá. Fáist ekki fullnægjandi svar innan tiltekins tíma skal skattstjóri áætla þá liði erfðafjárskýrslu sem hann telur óljósa eða tortryggilega og ákvarða skatt í samræmi við skýrsluna þannig breytta.

Sé erfðafjárskýrslu breytt með stoð í þessari grein, þ.m.t. ef skattstofn er áætlaður, skal skattstjóri gera viðkomandi aðilum viðvart um breytingarnar með tilkynningu og rökstyðja ástæður þeirra.

Skattstjóri skal gera viðkomandi sýslumanni viðvart skriflega komi fram upplýsingar um eignir eða breyttan skattstofn sem ekki koma fram í skiptagerð.

Hafi skattstjóri grun um erfðafjárskattsvik eða að refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

11. gr.

Erfingi, sem telur erfðafjárskatt eða skattstofn samkvæmt ákvæðum laga þessara eigi rétt ákveðinn, getur sent skriflega rökstudda kær, studda nauðsynlegum gögnum, til yfirskattaneftndar og fer meðferð kærunnar þá eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

12. gr.

Erfingjum er skyld að láta sýslumönnum og/eða skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þeir beiðast og unnt er að láta þeim í té.

Nú verður ágreiningur um skyldu erfingja skv. 1. mgr. og getur sýslumaður, ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni máli til opinberrar rannsóknar.

13. gr.

Séu verðmæti á erfðafjárskýrslu ranglega fram talin má skattstjóri bæta 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna.

Fella skal niður álag samkvæmt þessari grein ef erfingi færir rök að því að honum verði eigi kennt um annmarka á erfðafjárskýrslu.

14. gr.

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa sýslumenn og eftir atvikum tollstjórinn í Reykjavík á hendi innheimtu þeirra. Skattur skal greiddur til innheimtumanns í því umdæmi sem skatturinn er lagður á.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga erfðafjárskatts eða leysir neinn undan viðurlögum sem lögð eru á við vangreiðslu hans.

Erfðafjárskattur hvers erfingja skal reiknaður út miðað við verðmæti arfs á dánardegi arfleifanda en miðað við þann dag sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu ef um fyrirframgreiddan arf er að ræða eða óskipt bú sem skipt er fyrir andlát eftirlifandi maka.

Gjalddagi erfðafjárskatts er tíu dögum eftir að sýslumaður tilkynnir erfingjum um áritun erfðafjárskýrslu, sbr. 3. og 5. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.

Sé erfðafjárskattur hækkaður skv. 10. gr. fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga tíu dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Hafi erfðafjárskattur ekki verið greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er frá gjalddaga.

Dráttarvextir samkvæmt lögum þessum skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Um endurgreiðslu oftekins erfðafjárskatts samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt lögum

um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Sé kæra til meðferðar hjá yfirkattanefnd og nefndin leggur ekki úrskurð á kæru innan lögboðins frests skal greiða erfingja dráttarvexti af fjárhæð sem yfirkattanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, frá þeim tíma er frestur nefndarinnar til að kveða upp úrskurð leið.

Ætíð má krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu skatta samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Ekki er heimilt að gefa erfingjum út yfirlýsingum um eignarheimild þeirra að tiltekinni eign dánarbús fyrr en erfðafjárskattur af viðkomandi eign hefur verið greiddur.

Réttaráhrif fyrirframgreiðslu upp í arf miðast við það tímamark þegar erfðafjárskattur er greiddur eða, ef ekki þarf að greiða erfðafjárskatt vegna afhendingar viðkomandi eignar, þegar sýslumaður hefur áritað erfðafjárskýrslu varðandi fyrirframgreiðsluna.

Erfingjar eru ábyrgir fyrir greiðslu erfðafjárskatts einn fyrir alla og allir fyrir einn, með þeirri takmörkun þó að ekki verður innheimt hjá neinum meira en sem svarar heildararfi hans samkvæmt skiptagerð viðkomandi dánarbús.

16. gr.

Skýri erfingi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um erfðafjárskatt skal hann greiða físekt allt að fimmfaldri þeirri fjárhæð í viðbótarerfðafjárskatt sem skatturinn að réttu lagi hefði orðið hærri en hann varð. Skattur af á lagi skv. 13. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Skýri erfingi rangt eða villandi frá einhverjum þeim atriðum er varða framtal hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslu.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur sýslumanní eða skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi erfðafjárskýrslu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til sýslumanns eða skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Hafi erfingi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að gegna skyldu sinni skv. 12. gr. skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar físektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Um málsmeðferð samkvæmt þessari grein gilda meginreglur 110. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

17. gr.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á fjárverðmæti sem lög þessi taka til og greiddur hefur verið erfðafjárskattur af þeim verðmætum til opinberra aðila í öðru ríki, þá er skattstjóra heimilt samkvæmt umsókn erfingja að lækka erfðafjárskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum erfðafjárskattsgreiðslum hans. Lækkun skal aldrei nema hærri fjárhæð en þeirri sem erfingja væri gert skylt að greiða hér á landi af fjárverðmætum.

18. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á erfðafjárskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi löggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu eignum bæði á Íslandi og erlendis.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu erfðafjárskatts við önnur ríki.

19. gr.

Ákvæði laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og reglugerðir settar samkvæmt þeim skulu gilda eftir því sem við á við beitingu laga þessara, þar á meðal ef vafi leikur á hvernig meta skuli verðmæti eigna.

20. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2004 og taka til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum. Lögin taka einnig til búskipta þeirra er hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna.